

## Tillaga til þingsályktunar

### um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.

Flm.: Vilhjálmur Árnason, Ari Trausti Guðmundsson, Ásmundur Friðriksson,  
Jóna Sólveig Elínardóttir, Oddný G. Harðardóttir, Páll Magnússon,  
Sigurður Ingi Jóhannsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Smári McCarthy.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skoða hvort á Hornafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völinn.

#### Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 141. löggjafarþingi (174. mál), 143. löggjafarþingi (334. mál), 144. löggjafarþingi (32. mál) og 145. löggjafarþingi (39. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt.

Hornafjarðarflugvöllur gegnir mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi landsins. Mikilvægt er að skoða áframhaldandi rekstur og uppbyggingu á svæðinu til hagsbóta fyrir heimamenn og atvinnulífið. Ljóst er að staðsetning vallarins býður upp á mikla möguleika til aukinnar umferðar ferðamanna, sérstaklega í kjölfar tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að skoða hvort staðar sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi.

Í janúar 2008 unnu Flugstoðir greinargerð að beiðni sveitarstjórna og annarra hagsmunaaðila til að kanna möguleika á að gera flugvöllina á Ísafirði, Vestmannaeyjum og Höfn að millilandaflugvöllum, til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa til að slíkt gæti orðið að veruleika og hver kostnaðurinn við breytingar af þessu tagi gæti verið. Í greinargerðinni kemur fram að gera þarf endurbætur á öryggis- og eftirlitsþáttum á umræddum flugvöllum þannig að hægt verði að taka á móti minni farþegaflugvélum í millilandaflugi og vélum í ferjuflugi. Í greinargerðinni eru möguleikar og kostnaðaráhrif þessara ráðstafana metin en í aðalatriðum eru þrjár reglugerðir sem taka þarf tillit til. Gera þarf örlitlar breytingar á viðauka 1 við reglugerð um útlendinga nr. 53/2003 og bæta Hornafjarðarflugvelli við lista yfir skilgreindar landamærastöðvar. Auk þess þarf að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli vegna mannvirkja og vegna öryggisstjórnunarkerfis og flugvallarskirteinis og skilyrði reglugerðar nr. 985/2011 um flugvernd.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 464/2007 skulu millilandaflugvellir falla undir flokkinn flugvöllur I í skilningi reglugerðarinnar. Hornafjarðarflugvöllur fellur nú undir flokkinn skráður lendingarstaður. Þegar flugvöllur er fluttur úr flokknum lendingarstaður til áætlunarflugs upp í flugvöll í flokki I og skilgreindur sem millilandaflugvöllur hafa ákvæði framan- greindra reglugerða fyrst og fremst áhrif á kostnað. Kröfur reglugerðar nr. 464/2007 til mannvirkja fela einkum í sér stofnkostnað vegna mannvirkja, svo sem öryggissvæða. Kostnaður vegna krafna reglugerðar nr. 464/2007 til gæða- og öryggisstjórnunarkerfis og flugvallar-

skírteinis hlýst af starfsliði til að vinna við verkefnið, bæði á velliðum sjálfum og hjá miðlægum deildum Isavia. Stofnkostnaður sem hlýst af þeim kröfum sem gerðar eru í reglugerð nr. 985/2011 er vegna vopnaleyttarþjónnaðar, breytinga á aðstöðu o.fl. auk þess sem kostnaðarauki er vegna viðbótarstarfsliðs við vopnaleytt og umsýslu vegna flugverndar bæði á flugvelliðum sjálfum sem og hjá miðlægum deildum Isavia.

Í þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018, nr. 65/145, kemur fram að Hornafjarðarflugvöllur skuli á tímabilinu fá samtals 139 millj. kr. til viðhalds og reglubundins endurnýjunar þjónnaðar. Við vinnslu málsins taldi meiri hlutinn þörf á að styrkja innanlandsflug sérstaklega og ekki aðeins þær leiðir sem þegar nyttu styrkja heldur aðrar leiðir líka svo að lækka mætti verð og fjölga ferðum. Lagði hann til 300 millj. kr. byrjunarframlag árið 2018 sem lið í að styrkja stöðu flugsamgangna sem hluta af almenningsamgöngukerfinu. Þá taldi meiri hlutinn vert að skoða að veita minni vélum í millilandaflugi heimild til að lenda m.a. á Hornafirði. Það gæti hjálpað mikið til við dreifingu ferðamanna auk þess að minnka álag á Keflavíkurlugvelli og auka öryggi í flugi yfir landið.

Þrátt fyrir framangreint telja flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar mikilvægt að Hornafjarðarflugvöllur verði styrktur enn frekar og leggur áherslu á að skoðað verði hvort minni vélum í millilandaflugi verði veitt heimild til að lenda á Hornafirði, sbr. framangreint nefndarálit meiri hlutans. Flutningsmenn leggja áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í þá vinnu sem fyrst til að treysta enn frekar atvinnulíf í Hornafirði og nágrenni og stuðla að frekari uppbyggingu og vexti Vatnajökulshjóðgarðs.